

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 118/2022

2022/EES/61/30

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1975 frá 12. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform *Locusta migratoria* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2029 frá 19. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað 3-fúkósýllaktósa (3-FL) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2079 frá 26. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað sveppaduft með D<sub>2</sub>-vítamíni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2129 frá 2. desember 2021 um leyfi til að setja á markað kalsíumfrúktóbórat sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):
  - „– **32021 R 1975**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1975 frá 12. nóvember 2021 (Stjtuð. ESB L 402, 15.11. 2021, bls. 10),
  - **32021 R 2029**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2029 frá 19. nóvember 2021 (Stjtuð. ESB L 415, 22.11. 2021, bls. 9),

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 10.<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 415, 22.11.2021, bls. 9.<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 16.<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 432, 3.12.2021, bls. 13.

- **32021 R 2079:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2079 frá 26. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 426, 29.11. 2021, bls. 16),
  - **32021 R 2129:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2129 frá 2. desember 2021 (Stjtið. ESB L 432, 3.12. 2021, bls. 13).“
2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 202. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1974):
- „203. **32021 R 1975:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1975 frá 12. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform *Locusta migratoria* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 10).
  - 204. **32021 R 2029:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2029 frá 19. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað 3-fúkósýllaktósa (3-FL) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 415, 22.11.2021, bls. 9).
  - 205. **32021 R 2079:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2079 frá 26. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað sveppaduft með D<sub>2</sub>-vítamíni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 16).
  - 206. **32021 R 2129:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2129 frá 2. desember 2021 um leyfi til að setja á markað kalsíumfrúktóbórat sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 432, 3.12.2021, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1975, (ESB) 2021/2029, (ESB) 2021/2079 og (ESB) 2021/2129, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.